

REGLUGERÐ

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.3091, 1905.3099 og 1905.9020 skal greiða 4 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.9010 skal greiða 5 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.4000 skal greiða 13 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.3019 skal greiða 15 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.9002 skal greiða 16 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.3203 og 1806.3209 skal greiða 19 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.2000 skal greiða 31 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.4040 skal greiða 40 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.2009, 1806.3202, 1806.9003, 1806.9006 og 1806.9009 skal greiða 46 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.3101 og 1806.3109 skal greiða 49 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.9005 skal greiða 52 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1905.3011 skal greiða 60 kr. á hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. apríl 1992 og skal hún gilda til 30. júní 1992.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1992.

Friðrik Sophusson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.